

Ed.

625. Ályktanir

út af athugasemdum yfirskoðunarmanna landsreikninganna fyrir árin 1916 og 1917.

(Afgreiddar frá Ed. 1. sept.).

Alþingi ályktar að skora á ráðuneytið:

1. Að halda frá byrjun næsta fjárhagstímabils algerlega aðskildum reikningum rikissjóðs og viðlagasjóðs.
2. Að brýna fyrir forstöðumönnum skóla og annara stofnana, sem fá greitt fje úr rikissjóði, að nota það i þeim tilgangi, sem fjárlög ákveða, eftir því sem við verður komið.
3. Að sjá um, að endurgreitt verði í rikissjóð við hver áramót það, sem óeytt kann að vera af því fje, sem ávísað hefir verið á árinu til forstöðumanna skóla og annara stofnana, nema um óverulegar fjárhæðir sje að ræða.